


# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



LAXVEIÐIN 1985

Mars 1986.

# VEIÐIMÁLASTJÓRI

PÓSTHÓLF 5252 - 125 REYKJAVÍK

14.03.1986 EH

## LAXVEIÐIN 1985

Laxveiði 1985 var alls 66.313 laxar að heildarþunga 216.589 kg, samkvæmt upplýsingum Veiðimálastofnunar. Það er um 14 % betri veiði en árlegt meðaltal 10 ára þar áður og fjórðungi betri veiði en árlegt meðaltal seinustu 20 ára. Árið 1985 er þriðja besta veiðiárið hér á landi. Meðalþungi laxins var 3.3 kg og er það aðeins undir meðallagi.

Veruleg umskipti til hins betra urðu s.l. sumar í laxgengd víðsvegar um land frá því sem verið hafði seinustu fimm árin þar áður Þessa lægð í laxveiði má rekja að mestu til köldu árána þriggja, 1979, 1981 og 1983 sem hafa samheitið: köldustu ár aldarinnar. Var árið 1985 þannig í heild hagstætt þeim, sem stunduðu laxveiði, sem fyrr greinir. Laxveiðin var hæg í upphafi veiðitímans 1985 gagnstætt því sem hafði verið 1984, en herti á sér þegar ársfiskur úr sjó (smálaxinn) fór að ganga. Batanum í laxveiðinni olli því góð smálaxagengd. Vegna hinna miklu þurrka sunnan- og vestanlands sumarið 1985 háði vatnsleysi í ánum stangveiði í þessum landshlutum.

Laxveiði var í heild rúmlega 60 af hundraði betri en árið áður, en þá hafði hún komist á botninn, miðað við veiði s.l. fimmtán ár þar áður. Á þessu tímabili hafa orðið miklar sveiflur í veiði. Þannig hefur heildarveiði á laxi sveiflast frá um 41 þúsund löxum 1984 í tæplega 81 þúsund laxa árið 1978, sem er besta laxveiðiárið hér á landi. Annað besta árið var 1975 með 74 þúsund laxa veiði.

Stangveiðin 1985 var nær alls staðar betri en árið áður og umskiptin til hins betra eftir veiðilægð seinustu ára urðu mest í ám á norðausturlandi, eins og í Vopnafirði. Netaveiði var hins vegar misjöfn; mjög góð í Borgarfirði. Netaveiðin þar var ríflega 100 % betri en árið áður og tæplega þriðjungi betri en árlegt meðaltal seinustu 10 ár. Hins vegar brást netaveiðin á Ölfusár-Hvítársvæðinu og veiðin þar varð minni en árið áður. Laxveiði í net í Þjórsá var þokkaleg.

Hluttur stangveiði í heildarveiði 1985 var 47.7 %, netaveiðin gaf 22,5 % og hafbeitarlaxinn gerði 29,8 % eða tæplega 20 þúsund laxa, sem er það mesta úr hafbeit til þessa.

Hæsta stangveiðiáin var Laxá í Aðaldal með 1911 laxa 8,6 pd að meðalþyngd, önnur í röðinni var Laxá í Dölum, en þar veiddust 1.600 laxar 7,8 pd., þá kemur Þverá í Borgarfirði með 1.550 laxa og 6,5 pd. meðalþyngd. Fjórða hæsta áin var Grímsá og Tunguá í Borgarfirði, en þar veiddust 1.463 laxar 5,9 pd. og fimmta laxveiðiáin var Laxá á Ásum með 1.440 laxa og 6,5 pd meðalþunga. Sjötta áin var Hofsa í Vopnafirði, en þar fengust 1.219 laxar 5,4 pd. Sjöunda Elliðaár með 1.157 laxa, áttunda Langá á Mýrum 1.155 laxar, níunda Laxá í Kjós og Bugóa með 1.154 laxa og tíunda Norðurá, en þar veiddust 1.121 lax.

Á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði veiddust alls 12.944 laxar, þar af 7.632 í net og 5.312 á stöng. Er þessi veiði í heild svipuð og árlegt meðaltal seinustu 10 ár þar áður. Veiðin á Ölfusár-Hvítársvæðinu var í heild 5.675 laxar og er það rúml. helmingur af árlegri meðalveiði seinustu 10 ár þar áður. Menn telja orsakir þessa vera það slæma ástand sem skapaðist í ánum þegar hluti af Hagafellsjökli féll í Hagavatn snemma sumars 1980 og mengaði Hvítá og Ölfusá af leir allt það sumar. Má ætla að hrygning hafi brugðist að mestu þetta ár í nefndum ám og laxseiði, sem áttu að klekjast út sumarið 1980 hafi misfarist.

Hafbeitarstöðvarnar fengu að þessu sinni tæpl. 20 þúsund laxa. Flestir laxar fengust hjá Pólarlaxi í Straumsvík eða um 7.200 laxar, í Laxeldisstöðina í Kollafirði komu 4.200 laxar og í Lárósstöðina á Snæfellsnesi 3.900 laxar og í hafbeitarstöð Fjárfestingarfélagsins í Vogum komu um 2.600 laxar. Aðrar stöðvar fengu færri laxa.

Hjálagt fylgir skrá um laxveiði í um 100 ám s.l. tíu ár.

Rað- númer	Nafn	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	pd.	Rað- númer
		fj.	fj.										
1	Ellidaár.....	1692	1328	1383	1336	1074	1219	1508	1331	1157	5.1	1	
2	Ólfarsá (Korpa).....	406	361	327	215	166	158	450	225	303	4.0	2	
3	Leirvogsa.....	544	474	463	386	213	322	514	320	438	5.3	3	
4	Laxá í Kjós.....	1973	1677	1648	1508	1290	927	1545	1273	871	7.8	4	
5	Bugða.....	410	263	136	125	260	232	450	461	283	8.3	5	
6	Meðalfellsvatn.....	78		50	67	88	90	200	120			6	
7	Brynjudalsá.....	185	173	98		24	120	177	68	29	6.5	7	
8	Laxá í Leirársveit.....	1288	1154	1252	899	670	545	708	742	860		8	
9	Andakilsá.....	262	187	237	138	104	89	108	106	101	6.6	9	
10	Hvítá.....	388	401	788	573	364	348	213	326	597	6.3	10	
11	Grínsá og Tungvá.....	1439	1103	1952	1527	845	717	1382	1061	1463	5.9	11	
12	Flókadalssá.....	432	263	547	377	181	234	281	303	351	5.2	12	
13	Reykjadalssá.....	185	112	120	105	80	100	91	58	42	4.9	13	
14	Þverá.....	2330	2368	3132	3558	1245	1616	1901	1082	1550	6.5	14	
15	Norðurá.....	1675	1470	2089	1995	1185	1455	1643	856	1121	6.0	15	
16	Gljúfurá.....	356	400	461	286	101	184	225	110	138	4.4	16	
17	Langá.....	1568	1720	2405	1893	735	1090	960	610	1155	5.0	17	
18	Urriðará.....		84	112	202	65	151	162	142	103	5.3	18	
19	Álftá.....	204	300	386	255	267	396	485	268	333	6.8	19	
20	Hítará.....	351	346	649	314	167	202	201	151	203	6.7	20	
21	Haffjarðará.....	595	624	950	701	494	562	625	549	562	7.3	21	
22	Straumfjarðará.....	433	466	648	391	320	350	360	215	327	6.8	22	
23	Vatnsholtssós og vötn.....			290	325	112	140	171	135	200		23	
24	Fróðá.....	199	254	225	234	130	75	100				24	
25	Gríshólsá og Bakká.....	75	70	125	61	48	37	64	60	27	6.1	25	
26	Setbergssá.....			244	167	81	170	173	147	215	5.8	26	
27	Valshamarsá.....		10	18	14	33	40		40	15		27	
28	Laxá á Skógarströnd.....	114	190	179	177	183	121	201	189	277	6.5	28	
29	Dunká.....		83	76	142	138	85	129	52	135	6.6	29	
30	Skrauna.....		22	23	18	10		32	16	16		30	
31	Hörudalsá.....	55	51			55	27	87	50	79	6.0	31	
32	Miðá í Döllum.....	121	146	135	203	182	132	161	128	46	7.8	32	
33	Haukadalsá.....	904	862	926	630	814	598	886	633	499	6.4	33	
34	Laxá í Döllum.....	488	419	533	630	671	650	947	903	1600.	7.8	34	
35	Fáskrúð.....	136	242	226	261	190	154	214	165	257	6.6	35	
36	Laxá í Hvamssveit.....			467	509	293	32	84	39	24	5.9	36	
37	Kjallaksstaðá (Flekkudalsá)	343	342	106	156	115	237	249	189	133	6.2	37	
38	Krossá á Skarðsströnd.....	109	81	100	120	71	126	203	93	27	5.1	38	
39	Búardalsá.....			100	120	131	54	71	32	51	7.0	39	
40	Hvolsá og Staðarhólsá.....	185	163	180	90	18	111	100	144	137	5.9	40	

Rað- númer	Nafn	1976 fj.	1977 fj.	1978 fj.	1979 fj.	1980 fj.	1981 fj.	1982 fj.	1983 fj.	1984 fj.	1985 fj.	pd.	Rað- númer.
41	Fjarðarhornská.....		8	0	38	8	18	34	60	31	363	6.7	41
42	Laugardalsá í Ísafj. djúpi.	245	681	703	596	276	288	250	181	125	6		42
43	Ísafjarðará.....		52	29	25	12	12	9		5	54	5.5	43
44	Langadalssá.....	170	189	203	277	206	111	101	98	31	71	5.3	44
45	Hvannadalssá.....	56		120	101	47	30	45	27	24	44	5.2	45
46	Selá í Steingrímsfirði.....		27	17	17	23	6	7	0	7	28	5.9	46
47	Staðará í Steingrímsf.....	108	124	101	95	72	46	41	26	25	54		47
48	Víðidalssá í Steingrímsf.....	54	61	93	104	98	34	54	12	16	109	5.6	48
49	Hrófá.....		22	56	37	48	41	29	14	21	70	6.4	49
50	Krossá í Bitru.....		49	140	125	151	153	109	90	41	85	5.4	50
51	Vikurá.....	92	68	121	219	125	174	61	75	45	133	6.3	51
52	Bakkaá.....		66	93	105	21	40	57	57	39	109		52
53	Laxá í Hrutafirði.....	18	23	17	39	43	61	45	126	165	70	5.4	53
54	Hrutafjarðará og Síká.....	228	262	346	312	253	288	220	287	195	345		54
55	Miðfjarðará.....	1601	2581	2337	2132	1714	1213	926	882	583	1059	5.8	55
56	Tjarnará á Vatnnesi.....	34		112	82	53	56	36	53	23	55	5.8	56
57	Víðidalssá og Fitjaá.....	1238	1792	1851	1948	1423	1392	1132	1082	625	713	7.8	57
58	Vatnsdalssá.....	571	1203	1466	1413	1033	985	721	879	699	856	7.1	58
59	Laxá á Ásum.....	1270	1439	1854	1650	956	1413	1036	1050	625	1440	6.5	59
60	Blanda.....	1485	1367	2147	906	778	1412	861	511	495	766	7.3	60
61	Svartá.....	96	46	295	469	444	125	73	147	132	330	6.2	61
62	Laxá ytri.....	41	71	94	146	153	71	39	57	70	111	6.6	62
63	Hallá á Skagaströnd.....		171	185	197	138	96	57	111	86	109	5.9	63
64	Fossá í Skefilsst.hr.....		34	62	98	94	26	14	25	8	22	8.4	64
65	Laxá í Skefilsst.hr.....	73	140	200	220	245	161	113	93	74	134	6.6	65
66	Samundará.....	160	212	303	112	70	52	29	75	77	139	8.3	66
67	Húseyjarkvísl.....	141	158	194	84	107	52	54	90		105	6.6	67
68	Hofsá í Vesturdal.....		15		12	16	10	23					68
69	Kolka.....				12	12	11	7			24		69
70	Hrolleifsdalsá.....	28	41	41	65	17	4	4	7	4	25	5.6	70
71	Flókadalssá í Fljótum.....			71	40	22	54	2	10		22	5.3	71
72	Fljótaá í Fljótum.....	173	269	316	199	165	125	71	60	68	83	7.2	72
73	Eyjafjarðará.....				27	71	21	14	7	11	11	6.5	73
74	Fnjöská.....	250	273	554	446	527	257	323	98	107	120	5.5	74
75	Skjálfandafljót.....	412	288	336	317	426	108	169	100	165	679	6.3	75
76	Laxá í Aðaldal.....	1777	2699	3063	2372	2324	1455	1304	1109	1256	1911	8.6	76
77	Reykjadalsá og Eyvindarl.	133	593	657	492	321	271	114	210	155	344	6.4	77
78	Mýrarkvísl.....	121	181	221	197	169	242	179	248	215	388	6.0	78
79	Omarsá á Sléttu.....	147	275	286	119	124	54	45	87	73	203	5.3	79
80	Deildará.....	168	224	357	164	111	93	27	55	69	234	5.7	80

